



Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Borgartún 21

105 Reykjavík

Umsögn Vegagerðarinnar um vatnslögn í Hrunamannahreppi

Tilvísun: Mál nr. 0440/2026

Vísað er til erindis dagsetts 1. apríl 2026 „Vatnslögn í Hrunamannahreppi. Matsskyldufyrirspurn.“

Vegagerðin hefur rýnt framlögð gögn á grundvelli 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér lagningu stofnlagnar fyrir vatnsveitu í Hrunamannahreppi. Heildarlengd lagnarinnar er áætluð um 36 km, frá Blákvísl að Flúðum og mun syðri hluti hennar liggja meðfram vegum. Gert er ráð fyrir því að svæðið sem verður fyrir raski sé um 3 m á breidd. Tekið er fram að slóðagerð verði haldið í lágmarki. Óskað er eftir leyfi Vegagerðarinnar vegna vinnu innan veghelgunarsvæðis.

Vegagerðin ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þungra og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis.

Síða 1/1

Vegagerðin

Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Anna Margrét Sigurbergsdóttir

Undirskrift



HMS svið skipulags og umhverfismats
Borgartúni 21, 105 Reykjavík.
Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.
Hafnarstræti 107, 600 Akureyri.
sent í skipulagsgátt

Selfossi, 7. maí 2026

Mál: Vatnslögn í Hrunamannahreppi, tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu. Tilkynning um framkvæmd, mnr. 440/2026

Óskað var eftir umsögn stofnunarinnar, frestur er til 13. maí nk. *Land og skógur* tók í ársbyrjun 2024 við hlutverki Skógræktarinnar og Landgræðslunnar. Umsögn þessi er byggð á lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og lögum um skóga og skógrækt nr. 33/2019.

Undirritaður hefur kynnt sér málið.

Í kafla 3.3 eru talðar upp þær vistgerðir sem búast má við að lögnin fari um.

Gert er ráð fyrir að lögnin (vélarbreiddin er um 2,5 metrar) fari um ræktaða skóga (0,1 ha), birkiskóg eða -kjarr (0,8 ha) og um 1 ha af víðikjarri (byggt á vistgerðakortum Náttúrufræðistofnunar).

Undirritaður telur þessa eyðingu á skógum og kjarri ekki þess eðlis að það kalli á að um framkvæmdina sé farið eftir 19. gr. laga um skóga og skógrækt. Einnig er tekið fram að „frágangur að framkvæmdum loknum mun[*i*] miða að því að núverandi gróður og vistgerðir á svæðinu græði sár.“ Vissulega getur það tekið kjarr langan tíma að gróa upp aftur, en í heild telur undirritaður ekkert benda til að framkvæmdin muni hafa neinar verulegar neikvæða afleiðingar á þessi ofantalin gróðurlendi.

Hvað varðar votlendi, þá má hugsanlega hafa áhyggjur af því að skurður sá sem lögnin fer ofan í (sjá kafla 2.3.2) geti orðið til þess að grunnvatn votlendis finni sér leið til brottrásar eftir skurðinum, hátti þannig til með landslag. Væntanlega kemur skurðurinn ekki að sök þar sem votlendi er þannig staðsett í landslagi að vatnið getur hvergi runnið burt. Það kemur fram í greinargerðinni að ekki sé enn búið að ákveða endanlega legu lagnarinnar.

Stofnunin telur rétt að hvetja til þess að legu lagnarinnar, eða þá verklagi við lagningu hennar, verði háttað þannig að nokkuð tryggt sé að ekki lækki grunnvatnsstaða í votlendi sem lögnin fer um.

Stofnunin gerir ekki aðrar athugasemdir.

bestu kveðjur, f.h. Lands og skógar,

Páll Sigurðsson, skipulagsfulltrúi

pall.sigurdsson@landogskogur.is

Austurvegi 3, 800 Selfossi, gsm. 570-5550



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Dagsetning 8.maí 2026
Málsnúmer FOR26040084

Vatnslögn í Hrunamannahreppi – Blákvísl.

Hrunamannahreppur áformar að nýta lindir Blákvíslar og leggja vatnsveitustofnlögn frá Blákvísl að Flúðum í Hrunamannahrepp. Vatnsveitan mun afla neysluvatns fyrir íbúa á Flúðum og í nágrenni. Áætluð meðalvatnspörf er um 32 l/sek.

Markmið framkvæmdarinnar er að framboð af vatni sé alltaf umfram þörf og að breytileiki fari því einungis eftir notkun en ráðist ekki af árstíðabundnum sveiflum í vatnsöflun. Heildarlengd stofnlagnar er áætluð 36 km.

Samkvæmt tölulið 10.17 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana fellur framkvæmdin í flokk B og er því tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til HMS (tafla 1.1). Óskar framkvæmdaraðili hér með eftir ákvörðun HMS um það hvort lýst framkvæmd sé matsskyld skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Til stendur að virkja lindir Blákvíslar. Vatnsstaða á svæðinu er há svo gengið er út frá því að ekki sé þörf á að dæla vatninu upp og aðeins verði notast við sjálfrennsli við vatnstöku. Vatnið er svo leitt í vatnsveitustofnlögn. Áætluð heildarvatnstaka er um 55 l/sek.

Hluti af leiðinni sem vatnsveitan mun liggja um er meðfram vegum en hluti af leiðinni er um ósröskuð svæði þar sem vatnsveitan mun m.a. þvera árfarvegi. Aðkoma að vatnstökusvæðinu er um ómerktan fjallaslóða og verður núverandi vegslóði notaður við framkvæmdir. Veginum verður haldið við en ekki er gert ráð fyrir að fara í aðra vegagerð.

Framkvæmdaraðili leggur mikla áherslu á góðan frágang bæði á framkvæmdartíma og rekstrartíma. Lögnin verður fræst niður þar sem mögulegt er og gera má ráð fyrir að skurðurinn verði um 40 cm á breidd. Auk þess er sporvidd vélar sem fræsir lögnina niður 2,5 m. Alls má því gera ráð fyrir að svæðið sem verði fyrir raski sé um 3 m á breidd. Hluti af leiðinni sem vatnsveitan mun liggja um er meðfram vegum en hluti fer um ósröskuð svæði.

Gengið verður frá framkvæmdasvæðinu jafnóðum til að koma í veg fyrir rof og uppblástur af svæðinu. Svæðið verður aðlagð að landinu umhverfis svo það fái sem náttúrulegast yfirbragð og komist sem fyrst aftur í fyrra horf. Raskað svæði verður sandað og fyllt yfir það í sömu yfirferð og lögnin er lögð.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist árið 2026 og að vatnsveitan verði komin í rekstur árið 2027.

Hinn 21. janúar sl., veitti ráðuneytið sveitarfélaginu heimild til að leggja vatnslögn innan þess svæðis sem er í þjóðlendu með fyrirvörum t.d. að framkvæmdin sé ekki háð mati á

umhverfisáhrifum og að ef framkvæmdin fellur undir flokk B í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana, og að umhverfismat fer fram á svæðinu, að niðurstaða þess sé á þá leið að framkvæmdin muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemdir við framkvæmd Hrunamannahrepps og telur að framkvæmdin sé ekki matsskyld í samræmi við 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Ráðuneytið gerir kröfu um að um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang og á meðan framkvæmdum stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengi um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan framkvæmdum stendur og að þeim loknum.

Haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna, sbr. 4. gr. laga nr. 58/1998, við afgreiðslu erindisins.

Fyrir hönd ráðherra, eftir umboði

Regína Sigurðardóttir



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS)
Borgartúni 21
105 Reykjavík

11. maí 2026
202604-0033/A.B.

Efni: Umsögn - Matskyldufyrirspurn - Vatnslögn í Hrunamannahreppi - Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS).

Vísað er í erindi Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) vegna matsskyldufyrirspurnar um lagningu vatnsveitu í Hrunamannahreppi, sem barst Náttúruverndarstofnun 15. apríl sl.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin felist annars vegar í vatnstöku við upptök Blákvíslar og hins vegar lagningu vatnsveitustofnlagnar að Flúðum. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að heildarlengd fyrirhugaðrar stofnlagnar sé um 36 km og að áætluð vatnstaka verði allt að 55 l/s. Aðkoma að vatnstökusvæðinu er um núverandi slóða sem verður nýttur áfram.

Lagning vatnsveitunnar fer fram með því að fræsa skurð í jörð, að jafnaði um 40 cm breiðan, og leggja þar stofnlögn (um $\varnothing 280$ mm). Í framkvæmdinni felst rask á allt að um 2,5 m breiðu belti þegar tekið er tillit til vinnusvæðis og sporviddar tækja. Lögnin mun að hluta liggja meðfram núverandi vegum, en að hluta um óröskuð svæði. (bls. 10).

Þar sem vatnsveitan þverar árfarvegi verður skurður grafinn eða fræstur undir farvegi, að jafnaði um 1,2 m niður fyrir botn, og lögnum komið fyrir áður en gengið er frá bökkum.

Náttúruminjaskrá

Náttúruverndarstofnun bendir á að lagnaleiðin frá stöð 9000 á um 2 km kafla er innan svæðis nr. 735 á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar, Austurbakki Hvítárgljúfurs í Hrunamannahreppi. Svæðinu er lýst sem bakkanum ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell og er verndargildi þess m.a. rakið til fjölbreytts landslags.

Náttúruverndarstofnun bendir á að svæði á náttúruminjaskrá hafa sérstakt verndargildi og ber að taka tillit til þeirra við skipulagsgerð, leyfisveitingar og mat á umhverfisáhrifum. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að meta sérstaklega hvort fyrirhuguð lagning vatnsveitu og tengt rask geti haft áhrif á landslagsheild, náttúrufar og þau verðmæti sem skráning svæðisins byggir á.

Stofnunin leggur áherslu á að lagnaleið verði valin þannig að rask innan svæðisins verði sem minnst og að framkvæmdin rýri ekki verndargildi svæðisins.

Vistgerðir og fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð framkvæmd geti haft áhrif á bæði vistgerðir og fuglalíf, einkum vegna rasks sem nær yfir stórt svæði (36 km leið). Slíkt rask getur valdið tímabundnu búsvæðatapi og truflun á varpi fugla, sérstaklega mófugla sem nýta opið land og

votlendi. Tegundir á borð við spóa, heiðlóu og hrossagauk teljast ábyrgðartegundir Íslands og ber því að gæta sérstaklega að búsvæðum þeirra.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að lágmarka rask á vistgerðum með hátt verndargildi og forðast votlendi eftir fremsta megni. Þá er jafnframt mikilvægt að draga úr truflun á fuglalífi, m.a. með því að haga framkvæmdum á þann hátt að þær séu utan varptíma og mikilvægt sé að framkvæmdin valdi ekki uppskiptingu eða rýrnun búsvæða.

Þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir frágangi og endurheimt gróðurs bendir Náttúruverndarstofnun á að áhrif á vistgerðir og fuglalíf geta verið veruleg á framkvæmdatíma og að endurheimt búsvæða getur tekið tíma, sérstaklega á viðkvæmum svæðum. Því er mikilvægt að leiðarval taki mið af því að forðast viðkvæmustu svæðin og að mótvægisáðgerðir og vöktun séu skilgreind.

Sérstök vernd

Í greinargerð er votlendi nefnt sem hluti af framkvæmdasvæðinu og einnig kemur fram að svæðið falli að hluta undir hverfisvernd.

Hins vegar er ekki fjallað sérstaklega um votlendi í samhengi við 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd,

Náttúruverndarstofnun bendir á að innan framkvæmdarsvæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Samkvæmt kortlagningu Náttúrufræðistofnunar mun lögnin raska votlendi sem nýtur sérstakrar verndar frá u.þ.b. stöð 2200 – 2900 og stöð 24.500 – 25.150. Mikilvægt er að hnika leiðum til til þess að vernd votlendi.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið sem nýtur sérstakrar verndar innan framkvæmdarsvæðisins og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Náttúruverndarstofnun áréttar að fyrirhuguð uppbygging mannvirkja réttlætir ekki sjálfkrafa röskun á votlendi sem nýtur verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Þó að uppbygging vatnsveitu geti vissulega þjónað brýnum almannahagsmunum, segir ákvæði 61. gr. að slík framkvæmd sé heimiluð nema sýnt sé fram á að engin raunhæf lausn (valkostir) sé fyrir hendi án röskunar á votlendu.

Við skipulags- og leyfisveitingar ber því ávallt að gera ítarlega valkostagreiningu og rökstyðja sérstaklega hvers vegna ekki sé unnt að komast hjá röskun.

Jafnframt þarf leyfisveitandi að leggja fram haldbæran rökstuðning fyrir því að hagsmunirnir af framkvæmdinni séu bæði brýnir og almennir og vegi þyngra en þau náttúruverðmæti sem í húfi eru. Með slíkri varfærni og vandaðri málsmeðferð í anda náttúruverndarlaga er tryggt að hlutverk náttúruverndar í skipulagsferlinu sé virt.

Framkvæmdarleyfi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stofnunin áréttar að þar sem ekki er hægt að forðast rask á vistgerðum með verndargildi eða svæðum undir sérstakri vernd er góður frágangur rasksvæða og fullnægjandi mótvægisáðgerðir forsendur þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verði ekki umtalsverð. Brýnt er að vöktunaráætlun framkvæmdar tryggi ofangreint, sérstaklega ef ákvarðað er að framkvæmdin er ekki matsskyld.

Bakkagróður

Í greinargerð kemur fram að vatnsveitan muni þvera árfarvegi og bendir því Náttúruverndarstofnun á að bakkagróður við ár og læki nýtur verndar samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þveranir geta valdið staðbundnu raski á gróðri og bökkum, en árbakkinn getur gengt mikilvægu vistfræðilegu hlutverki, m.a. sem búsvæði fyrir lífverur (fugla) og sem hluti af vistkerfinu.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að lágmarka rask og tryggja að frágangur stuðli að endurheimt bakkagróðurs í samræmi við ákvæði laganna.

Valkostir

Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem fyrirhuguð framkvæmd fer á stóru svæði um óraskað land og getur haft áhrif á bæði fuglalíf, votlendi og gróður er mikilvægt að velja lagnaleið um þegar röskuð svæði.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að eftirfarandi sé gert við val á legu:

- Fylgja röskuðum svæðum eftir fremsta megni, svo sem núverandi vegum, slóðum eða öðrum mannvirkjabeltum, til að forðast frekara rask á óröskuðum svæðum.
- Fara ekki um votlendi sem nýtur sérstakrar verndar og vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi, þar sem slík svæði eru oft lykilbúsvæði fugla og njóta jafnframt verndar samkvæmt náttúruverndarlögum þegar við á.
- Forðast mikilvæg fuglasvæði og þekkt varpsvæði ábyrgðartegunda, eða lágmarka að lögnin fari um slík svæði.
- Lágmarka þveranir vatnsfalla og votlendis, þar sem slík inngríp geta haft bæði bein og óbein áhrif á lífríki.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að valkostagreining sé raunveruleg og studd gögnum, þar sem bornir eru saman mismunandi valkostir með tilliti til umhverfisáhrifa.

Vaktanir, frágangur og mótvægisáðgerðir

Náttúruverndarstofnun bendir á að vegna hugsanlegra áhrifa á fuglalíf, gróður, votlendi og bakkagróður sé nauðsynlegt að setja fram skýra vöktunaráætlun. Að mati stofnunarinnar þarf að afla grunnupplýsinga fyrir framkvæmdir og fylgja þeim eftir með vöktun á framkvæmdatíma og að framkvæmdum loknum. Jafnframt þarf að liggja fyrir aðgerðaáætlun þar sem skilgreint er hvernig brugðist verði við ef áhrif reynast meiri en gert var ráð fyrir.

Náttúruverndarstofnun lítur svo á að góður frágangur sé grunnkrafa við framkvæmdina og teljist því ekki mótvægisáðgerð í sjálfa sér, heldur eðlilegur hluti af því að lágmarka rask og ganga frá svæði að framkvæmdum loknum.

Að mati stofnunarinnar þarf að skilgreina mótvægisáðgerðir sérstaklega, svo sem að framkvæmdir fari fram utan varptíma fugla, lega lagnar fylgi núverandi vegum og röskuðum svæðum eins og kostur er, forðast votlendi (≥ 2 ha) og vistgerðir með hátt verndargildi, og lágmarka rask á bakkagróðri við þveranir vatnsfalla.

Endurheimt votlendis getur komið til greina sem mótvægisáðgerð í samráð við sérfræðinga.

Niðurstaða

Náttúruverndarstofnun telur að í framlögðum gögnum sé almennt gerð grein fyrir framkvæmdinni, en að umfjöllun um votlendi, vistgerðir, fuglalíf, svæði á náttúruinjasrá, mótvægisáðgerðir og vöktun sé að hluta ekki nægilega góð. Sérstaklega vantar skýra afmörkun votlendis sem kann að falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og umfjöllun um valkosti.

Að mati stofnunarinnar er nauðsynlegt að bæta úr framangreindum atriðum og setja fram skýra mótvægisáðgerða- og vöktunaráætlun.

Ef ekki verður sýnt fram á að unnt sé að forðast rask á votlendi sem nýtur sérstakrar verndar, svæði á náttúruinjasrá og öðrum viðkvæmum vistgerðum, og að fullnægjandi mótvægisáðgerðir og vöktun tryggi að áhrif verði takmörkuð, getur framkvæmdin haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Að teknu tilliti til framangreinds, og með þeim fyrirvara að framangreind atriði verði skýrð og úrbætur gerðar, telur Náttúruverndarstofnun að ekki sé líklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Skúli Þórðarson
verkefnastjóri



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang www.hsl.is – Netfang hsl@hsl.is – Kennitala 480284-0549

Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Selfossi, 12. maí 2026
2604076HS SG

Efni: Umsögn um Vatnslögn í Hrunamannahreppi, nr. 04402026 Tilkynning um framkvæmd

Þann 15. apríl sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðrar vatnsveitustofnlagnar í Hrunamannahreppi, frá Blákvísl að Flúðum í Hrunamannahreppi.

Um er að ræða áform um að virkja lindir Blákvíslar og leggja vatnsveitustofnlögn frá Blákvísl að Flúðum í Hrunamannahreppi. Vatnsveitan mun afla neysluvatns fyrir íbúa á Flúðum og í nágrenni. Áætluð meðalvatnspörf er um 32 l/sek. Vatnspörf mun líklega aukast til framtíðar með hliðsjón af fólksfjölgun sem hefur átt sér stað á svæðinu undanfarin ár. Markmið framkvæmdarinnar er að framboð af vatni sé alltaf umfram þörf og að breytileiki fari því einungis eftir notkun en ráðist ekki af árstíðabundnum sveiflum í vatnsöflun. Heildarlengd stofnlagnar er áætluð 36 km. Lögnin er ekki fullhönnuð og getur því endanleg lengd hennar breyst lítilega þegar hönnun kemst lengra á veg. Heildarvatnstaka er áætluð um 55 l/sek.

Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina vistgerðir, jarðmyndanir, Ásýnd/landslag, fuglalíf, vatnshlot og fornminjar. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin óveruleg eða engin á öllum umhverfisþáttum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum og vöktun. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar önnur en sjónræn og staðbundin í næsta nágrenni hennar séu hverfandi/óveruleg og mögulegt að milda þau með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis og mannvirkja að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.



Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vatnsveitum starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 533/2018 um breytingu á reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og lögum nr. 93/995 um matvæli ásamt reglugerð nr. 536 um neysluvatn. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum standur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar sem hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

Sigrún Guðmundsdóttir
framkvæmdastjóri



Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Borgartúni 21

105 REYKJAVÍK

Garðabær, 13. maí 2026

Málsnúmer: 202604-0014

IAS/AEP/OKV

Efni: Vatnslögn í Hrunamannahreppi. Matsskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Húsnæðis- mannvirkja- og skipulagsstofnunar frá 15. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna vatnslagnar í Hrunamannahreppi.

Fyrirhugað er leggja vatnsveitustofnlögn í Hrunamannahreppi, frá Blákvísl að Flúðum. Vatnsveitan mun afla neysluvatns fyrir íbúa á Flúðum og í nágrenni. Heildarlengd stofnlagnar er áætluð 36 km. Áætluð vatnstaka er um 55 l/sek.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér matskyldufyrirspurnina og kemur með eftirfarandi athugasemdir og ábendingar.

Fuglar

Suðurlandsundirlendið er mikið nýtt af fuglum, einkum frá vori fram á haust. Fuglum á grónum svæðum á láglendi byrjar að fjölga hratt í byrjun apríl og nær fjöldinn að vori hámarki í maí og svo aftur í lok júlí og helst hár fram í ágúst, jafnvel september fyrir sumar tegundir.

Innan framkvæmdarsvæðisins eru fjölbreytt búsvæði. Það má því gera ráð fyrir að varppéttleiki mófugla sé mikill á þessum slóðum, þá sérstaklega þegar nær dregur Flúðum. Varp hjá sumum tegundum hefst strax í apríl en varptímanum er að mestu lokið þegar komið er fram í ágúst.

Framkvæmdunum mun ekki fylgja umfangsmikið né langtíma rask en hins vegar má reikna með töluverðum hávaða og annarri truflun sem getur haft neikvæð áhrif á varpfugla innan sem og utan hins eiginlega framkvæmdasvæðis. Þá þarf einnig að hafa í huga að langflestir fuglar eru friðaðir á varptíma og nær sú friðun einnig til hreiðra þeirra og eggja (lög nr. 64/1994). Því ætti alltaf að forðast jarðrask á varptíma.

Vegna mikils og ríks fuglalífs á þessum slóðum telur Náttúrufræðistofnun að fresta beri framkvæmdum fram í ágúst en undirbúningavinna getur þó hafist fyrr.

Þá er einnig mikilvægt að gengið sé frá jarðraski á þann hátt að umhverfið sé sem líkast upprunalegu ástandi til að ekki sé hætt á neikvæðum langvarandi áhrifum á fuglalíf á svæðinu.

Gróður

Nokkrar æðplöntuskráningar eru til frá nágrenni framkvæmdasvæðisins en flestar tegundanna teljast algengar á landsvísu og engin þeirra er á valista.



Þau kortgögn sem fylgja í greinargerð sýna lögnina í heild en kort í nákvæmum mælikvarða til að meta áhrif lagnarinnar á gróður skortir. Því er nokkur óvissa um hvar lögnin mun liggja þegar leiðin er skoðuð með tilliti til gróðurfars og vegslóða.

Náttúrufræðistofnun telur að lögnin muni ekki hafa tilfinnanleg áhrif þar sem hún liggur með vegslóð á láglendi og að miklu leyti um framræst votlendi. Öðru máli gegnir þar sem lögnin sveigir frá vegi og fer um Alviðrudal, þar sem lögnin fer um Tungufellsdal og loks fyrirhugaða lagnaleið á heiðinni norðan Tungufellsdals. Þar fer hún um land sem gróið er landvistgerðum sem sumar hverjar hafa hátt til mjög hátt verndargildi. Draga mætti úr neikvæðum áhrifum lagnarinnar með nokkrum tilfærslum.

Nú er fyrirhugað að lögnin liggi um gróið land í Alviðrudal, þar með talið í gegnum Steinbogamýri sem að hluta er óframræst. Ef til vill mætti draga úr áhrifum framkvæmdarinnar með því að hliðra lögninni aðeins sunnar eða norðar inn á svæði þar sem meirihluti lands er blásinn og gróinn rýrum gróðri og verndargildi vistgerða því lægra en í botni Alviðrudals.

Í Tungufellsdal liggur lagnarleiðin ekki með vegslóð heldur að miklu leyti um vel gróið land, þar með talið í eða í grennd við skóglendi í hlíðum Hlíðarfjalls og mun hún sömuleiðis þvera skógartorfur Litlu-Skóga. Hér vakna spurningar um af hverju lögninni er valin þessi leið fremur en að fylgja veginum sem liggur um dalbotninn. Líklegt er að draga megi úr neikvæðum áhrifum á vistgerðir með því að fylgja veginum um dalinn.

Norður frá Tungufellsdal og langleiðina að Blákvísl fer lögnin frá vegslóð og liggur um viðkvæmar gróðurtorfur og land sem er að gróa upp eftir rof og gróin dalverpi við ár og læki. Þetta svæði er í jaðri miðhálandisins en þar er meiri hætt á að rask á grónu landi geti leitt til gróðureyðingar og jarðvegsrofs, einkum ef land liggur í halla. Tilfni er til að skoða hvort draga megi úr raski á viðkvæmum gróðri með því að láta lögnina fylgja vegslóðum og melum meira en hér er ráðgert.

Ekki liggja fyrir miklar skráningar á flóru svæðisins og því takmarkaðar ályktanir hægt að draga af þeim. Viðbótaræðplöntuskráningar í Alviðrudal, Tungufellsdal, og á grónu landi frá Nýgræði að upptökum Blákvíslar myndu styrkja ákvörðunartöku í þessu tilfelli.

Gæta þarf þess að framkvæmdin valdi ekki gróðureyðingu eða jarðvegsrofi og nýta staðarefni við að loka sárum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar er líklega ekki þörf á að framkvæmdin fari í umhverfismat en skoða þarf hvort hægt sé að færa lögnina til á þeim stöðum sem nefndir eru hér að ofan til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður.

Virðingarfyllt,

Ingvar Atli Sigurðsson,

jarðfræðingur

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun
Borgartúni
Reykjavík

Reykjavík, 22. maí 2026
UOS-5434/M.B.S.

Umsögn - Matskyldufyrirspurn - Vatnslögn frá Blákvísl að Flúðum í Hrunamannahreppi

Vísað er til erindis frá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun dags 15. apríl 2026 þar sem óskað er umsagnar Umhverfis- og orkustofunar um ofangreinda matskyldufyrirspurn.

Framkvæmdin felur m.a. í sér nýtingu linda Blákvíslar og er heildarvatnstaka áætluð um 55 l/sek. Fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila að vatnsstaða sé há við Blákvísl svo gengið sé út frá því að ekki verði þörf á að dæla vatninu upp og aðeins verði nýtt sjálfrennsli við vatnstökuna.

Áhrif á vatnafar

Fram kemur að áhrif framkvæmda á vatnafar verði vegna vatnstöku úr grunnvatnshlotinu Kerlingarfjöll-Hreppar (nr. 103-287-G), vatnstakan geti einnig haft áhrif á rennsli Búðarár (nr. 103-873-R) og vatnslögnin muni þvera straumvatnshlotin Búðará (nr. 103-873-R) og Dalsá/Fossá (nr. 103-796-R).

Gera þarf áhrifamat fyrir vatnshlotin sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni, samkvæmt leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar¹, til að varpa ljósi á áhrif framkvæmda. Meta þarf áhrif á þá líffræðilegu, efna- og eðlisefnafræðilegu og vatnsformfræðilegu gæðapætti sem eru notaðir til að meta vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota, magnstöðu og efnafræðilega gæðapætti grunnvatnshlota og hvort framkvæmdin sé líkleg til að valda því að vatnshlotin nái ekki lögbundnum umhverfismarkmiðum vegna áhrifa framkvæmdarinnar.

Áhrifamat á vatnshlotum fer fram í þremur meginskrefum: Nr. 1. skimun, þar sem metið er hvort fyrirhuguð framkvæmd hafi áhrif á vatnshlot. Ef niðurstaðan er sú að framkvæmdin hafi ekki áhrif skal færa rök fyrir þeirri niðurstöðu. Nr. 2. mat á umfangi, þar sem dregnir eru fram þeir gæðapættir sem geta orðið fyrir áhrifum og þarf að meta í næsta skrefi. Nr. 3. mat á áhrifum, þar sem áhrif framkvæmdar á vatnshlot eru metin og gerð grein fyrir leiðum til að forðast eða lágmarka neikvæð áhrif þannig að umhverfismarkmið náist.

Áhrifamat þarf að fylgja með umsóknum til leyfisveitenda vegna allra framkvæmda og leyfisveitendum ber að leggja matið til grundvallar við ákvarðanatöku um veitingu leyfa.

¹ [Umhverfisstofnun | Áhrifamat fyrir vatnshlot \(leiðbeiningar og stuðningsskjal\)](#)

Leyfi

Vatnalög nr. 15/1923 gilda um nýtingu yfirborðsvatns (þ.m.t. lindir). Miðað er við náttúrulega uppkomu vatns, ekki borun eða meiri háttar mannvirkjagerð sem ætlað er að koma vatni upp á yfirborðið, enda fellur slík nýting vatns undir lög nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Einhverja hagræðingu kann að þurfa, t.d. ef jarðvegur í kringum lindina er hreinsaður í burtu og kassi eða geymir byggður í kring til að loka lindina af og vatnið síðan leitt beint til nýtingar. Samkvæmt 144. gr. vatnalaga er skylt að tilkynna Umhverfis- og orkustofnun um allar framkvæmdir sem er fyrirhugað að ráðast í og tengjast vatni og vatnafari, þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru sérstaklega leyfisskyldar samkvæmt vatnalögum eða öðrum lögum.

Til þess að nýtingin falli undir 6. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu þarf sértæka mannvirkjagerð eða borun sem ætlað er að koma vatni upp á yfirborðið. Reynist þörf á slíkri mannvirkjagerð þarf að sækja um nýtingarleyfi til stofnunarinnar sbr. 6. gr. laganna og leiðbeiningum Umhverfis- og orkustofnunar².

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fylgja skal reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01³.

Niðurlag/Niðurstaða

Umhverfis- og orkustofnun telur að í meginatriðum sé nægilega gerð grein fyrir framkvæmdinni í matskyldufyrirspurninni og að hún ætti ekki að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum. Stofnunin telur því að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til þeirra þátta sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

Matthildur B. Stefánsdóttir

Teymi leyfa og umsagna

Kristín Björk Birgisdóttir

Teymi leyfa og umsagna

² <https://uos.is/stjornsysla/umsoknir/nytingarleyfi>

³ [Reglur um skráningu, hönnun og frágang borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01.](#)



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgötu 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 14
(354) 845 85 10

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík 2. júní 2026

**Efni: Vatnslögn í Hrunamannahreppi (nr. 0440/2026).
Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu.**

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um fyrirspurn um matsskyldu vegna áforma Hrunamannahrepps um lagningu neysluvatnslagnar á um 36 km leið frá Blákvísl að Flúðum. Greinargerð er unnin af Eflu Verkfræðistofu fyrir hönd hreppsins: *Vatnslögn í Hrunamannahreppi. Matsskyldufyrirspurn.* (dagsett 1. apríl 2026).

Gert er ráð fyrir að vatnslögninni verði komið fyrir í jörð með því að fræsa hana niður með jarðsög, en sporvídd hennar er um 2,5 m og skurðgröfturinn sjálfur um 40 sm. Gert er ráð fyrir að raskað svæði verði um 3 m á breidd. Hluti leiðarinnar mun verða meðfram vegslóðum, en einnig verður farið um óröskuð svæði.

Fyrirliggjandi fornleifaskráningar voru gerðar í tengslum við vinnu aðalskipulags í Hrunamannahreppi og taka þær aðeins yfir lítinn kafla leiðarinnar. Lega lagnarinnar mun því liggja að mestu um óskráð svæði. Ráða þarf bót á þessu svo hægt sé að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á minjar, sbr. 16. og 21. og 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Fornleifaskráning skal framkvæmd í samræmi við núgildandi staðla, sem felur m.a. í sér að svæðið sé kannað á vettvangi og allar sýnilegar minjar mældar upp á áhrifasvæði framkvæmdanna og færðar á kortagrunn. Minjastofnun Íslands hefur gefið út leiðbeiningarrit um skráningu og vernd fornleifa vegna framkvæmda af þessu tagi, *Veituframkvæmdir og fornleifar* (Leiðbeiningarrit MÍ, nr. 6) og má nálgast það á heimasíðu stofnunarinnar. Þar segir m.a.:

Fornleifafræðingur skal ganga fyrirhugaða lagnaleið og taka út 30 m belti, 15 m sitthvoru megin við miðlínu lagnarinnar. Ekki er þörf á

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðsstjóri
thor@minjastofnun.is

að ganga svæði þar sem lagnir munu liggja í vegöxlum, í eldri lagnaskurðum eða þar sem hefur verið jarðvegsskipt en þó þarf að líta yfir slík svæði Minjar kunna einnig að leynast innan veghelgunarsvæðis Vegagerðarinnar. (Leiðbeiningarrit, bls. 6)

Fyrir utan vatnslögnina sjálfa og jarðrask í kringum hana, þá er mikilvægt að allt áhrifasvæði framkvæmdanna verði skráð, eins og hugsanlegir vegslóðar, vinnuþlön og annað rask á jarðvegi. Eins þarf að tryggja að umferð stórvirkra véla valdi ekki skemmdum á fornleifum af vangá. Til að lágmarka hættuna á slíku mætti girða af þær minjar sem kunna að koma í ljós í námunda við framkvæmdasvæði, t.d. með litríkum borða.

Rétt er að minna á að aldursfriðaðar fornleifar hafa um sig 15 metra friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra, sbr. 22. gr. laga um menningarminjar. Leitast þarf við að komast hjá raski á minjum eins og kostur er. Ef slíkt reynist óhjákvæmilegt þarf að sækja um leyfi til Minjastofnunar Íslands. Rétt er að minna á 2 mgr. 28. gr. laga um menningarminjar, þar sem segir: „Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda“.

Þegar umbeðin gögn liggja fyrir þarf framkvæmdin að koma inn á ný til umsagnar Minjastofnunar, hvort sem það er gert í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar eða á grundvelli 23. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Ef spurningar vakna um efni bréfs þessa má snúa sér til undirritaðs.

Virðingarfyllst,

Þór Ingólfsson Hjaltalín
Sviðstjóri minjavarðasviðs

Jóhanna Hrund Einarsdóttir - HMS

From: Matthildur Bára Stefánsdóttir - UOS <matthildur.b.stefansdottir@uos.is>
Sent: miðvikudagur, 27. maí 2026 13:40
To: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - HMS
Subject: RE: Umsögn vegna vatnslagnar frá Bláfjallakvísl að Flúðum, 2026/440

Categories: Vistað í OneCRM; 202604005
One: -1

Sæl Jóhanna

Við teljum að skimunin sé fullnægjandi á þessu stigi málsins, en það er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn sé vakandi fyrir því að endurskoða og uppfæra áhrifamat síðar í ferlinu eftir því sem gögn varðandi framkvæmdina verða nákvæmari og skýrari eins og fram kemur á vefsíðunni [Áhrifamat fyrir vatnshlot — Umhverfis- og orkustofnun](#).

Afsakaðu hvað þetta var óskýrt.

Með kveðju | Best regards

Matthildur B. Stefánsdóttir

Sérfræðingur í jarðvísindum M.Sc. | Geologist M.Sc.

Teymi umsagna og leyfisveitinga | Reviews and Licencing Unit

Skrifstofa forstjóra | CEO's office



Umhverfis- og orkustofnun | Icelandic Environment and Energy Agency

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

+354 569 6000

www.uos.is

From: Jóhanna Hrund Einarsdóttir - HMS <Johanna.Einarsdottir@hms.is>
Sent: 27 May 2026 11:30
To: Matthildur Bára Stefánsdóttir - UOS <matthildur.b.stefansdottir@uos.is>
Subject: RE: Umsögn vegna vatnslagnar frá Bláfjallakvísl að Flúðum, 2026/440

Þú færð ekki oft tölvupóst frá johanna.einarsdottir@hms.is. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Sæl Matthildur

Ég er að skrifa matsskylduákvörðun fyrir vatnslögn í Hrunamannahreppi og var að renna yfir umsögn ykkar varðandi málið. Nú hefur framkvæmdaraðili gert skimun á áhrifum á vatnshlot, bls. 21-25 í tilkynningunni (set hana í viðhengi) en í umsögn ykkar kemur fram að gera þurfi áhrifamat. Er það mat ykkar að þessi umfjöllun sé ekki fullnægjandi og að hvaða leyti þá? Ég tel að framkvæmdaraðili sé að reyna að fara eftir leiðbeiningum ykkar og vitnar nokkrum sinnum til þeirra svo það væri gott að geta leiðbeint þeim um það hvernig umfjöllunin eigi að vera þar sem þeirra niðurstaða er að áhrifin verði lítilsháttar eða engin á gæðapætti og verði ekki til þess að vatnshlotin hnigni eða nái ekki umhverfismarkmiðum sínum. Er rökstuðningur þeirra ekki nógu góður?

Kveðja / Best regards

Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Sérfræðingur
Umhverfismat



Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 4406400

From: Matthildur Bára Stefánsdóttir - UOS <matthildur.b.stefansdottir@uos.is>

Sent: 22.05.2026 13:21:05

To: Egill Þórarinnsson - HMS

CC: Kristín Björk Birgisdóttir - UOS <kristin.b.birgisdottir@uos.is>

Subject: Umsögn vegna vatnslagnar frá Bláfjallakvísl að Flúðum, 2026/440

Sæll Egill

Meðfylgjandi er umsögn Umhverfis- og orkustofnunar.

Með kveðju | Best regards

Matthildur B. Stefánsdóttir

Sérfræðingur í jarðvísindum M.Sc. | Geologist M.Sc.

Teymi umsagna og leyfisveitinga | Reviews and Licencing Unit

Skrifstofa forstjóra | CEO's office



Umhverfis- og orkustofnun | Icelandic Environment and Energy Agency

Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík, Iceland

+354 569 6000

www.uos.is